



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Þriðjudagur, 7. febrúar, 2017

Ákvörðun nr. 6/2017

Samruni Nesfisks ehf. og Ný-fisks ehf.

I.

Málavextir og málsmeðferð

Með bréfi, dags. 28. desember 2016, var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um kaup Nesfisks ehf. (hér eftir Nesfiskur) á öllu hlutafé í Ný-Fiski hf. (hér eftir Ný-Fiskur). Bréfinu fylgdi samrunaskrá sem var í samræmi við ákvæði samkeppnislaga nr. 44/2005 og reglur nr. 684/2008 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum, sbr. síðari breytingar. Um var að ræða svokallaða styttri samrunaskrá í samræmi við 6. og 7. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga og reglur nr. 684/2008. Samrunatilkynningunni fylgdu ýmis fylgigögn. Byrjuðu lögbundnir frestir að líða frá og með 4. janúar 2017, sbr. bréf Samkeppniseftirlitsins dags. 5. janúar 2017.

Mál þetta hefur sætt rannsókn Samkeppniseftirlitsins. Við meðferð málsins aflaði Samkeppniseftirlitið m.a. opinberra gagna frá Fiskistofu um aflahlutdeild samrunaaðila. Við rannsóknina hafði Samkeppniseftirlitið einnig til hliðsjónar gögn sem aflað hefur verið vegna meðferðar eldri mála. Þá aflaði Samkeppniseftirlitið jafnframt frekari upplýsinga og gagna frá samrunaaðilum.

II.

Samruninn

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. falist í því að fyrirtæki taki annað fyrirtæki yfir eða það nái yferráðum í heild eða að hluta yfir öðru fyrirtæki, t.d. með því að kaupa hluta af eignum þess eða þær allar, sbr. 1. mgr. 17. gr. laganna. Hér á eftir verður samrunanum lýst nánar.

Fram kemur í samrunaskrá að samruninn feli í sér kaup Nesfisks á öllu hlutafé í Ný-Fiski. Að mati Samkeppniseftirlitsins fela umrædd kaup í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga enda eru veltuskilyrði ákvæðisins uppfyllt. Samrunaaðilar starfa á sama sölustigi við sölu á vöru og þjónustu og telst samruninn af þeim sökum láréttur.

Í samrunaskrá kemur fram að Nesfiskur og Ný-Fiskur séu bæði sjávarútvegsfélög. Er megintilgangur Nesfisks sala fiskafurða, fiskverkun og útgerð. Nesfiskur rekur frystingu, ferskfiskvinnslu, saltfiskverkun, skreiða- og hausapurrrkun í Garði. Nesfiskur rekur einnig einn frystitogara, tvo ísfisktogara, fjóra snurvoðabáta og tvo línubáta. Þá rekur dótturfélag Nesfisks, Fiskverkun Ásbergs ehf., fiskverkun í Sandgerði.



Samkvæmt samrunaskrá er tilgangur Ný-fisks fiskverkun og útflutningur. Stundar félagið fiskvinnslu hér á landi og selur afurðir sínar á erlenda markaði. Dótturfélag Ný-fisks, Útgerðarfélag Sandgerðis ehf., er útgerðarfyrirtæki sem gerir út fiskiskipið Von GK-113 og er með krókaafhlutdeild í þorski, ýsu, ufsa, karfa, löngu keilu og steinbít. Er meginhluti afla Útgerðarfélags Sandgerðis seldur til Ný-fisks. Þá kaupir Ný-fiskur jafnframt hráefni til fiskvinnslu af fiskmörkuðum og sjálfstæðum útgerðum.

Í samrunaskrá er vísað til ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins nr. 10/2013, *Kaup Síldarvinnslunnar hf. á Bergur- Huginn hf.*, þar sem er að finna ítarlega skilgreiningu á þeim mörkuðum sem um ræðir en þar kemur m.a. fram að skipta beri markaðnum eftir því hvort um sé að ræða botnfisk eða uppsjávarfisk. Samrunaaðilar telja að í þessu máli sé slík skipting óþörf en að þeir markaðir sem máli skipti fyrir mál þetta séu markaður fyrir veiðar á fiski við Ísland og markaður fyrir sölu og útflutning á fiski frá Íslandi, sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 6/2014, *Samruni Icelandic Ný Fisks hf. og Útgerðarfélags Sandgerðis ehf.* Samrunaaðilar telja, eins og atvikum er háttáð í máli þessu, rétt að miða við þá skilgreiningu sem fram kemur í framangreindri ákvörðun Samkeppniseftirlitsins, þ.e. að vöru- og þjónustumarkaðir málsins sé skilgreindur sem markaður fyrir veiðar á fiski og markaður fyrir sölu og útflutning á fiski.

Hvað landfræðilegan markað varðar vísa samrunaaðilar til þess sem fram kom í framangreindri ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 6/2014 en þar var landfræðilegur markaður málsins skilgreindur sem annars vegar markaður fyrir veiðar á fiski á Íslandi og hins vegar sem markaður fyrir sölu og útflutning á fiski frá Íslandi. Samrunaaðilar telja, að eins og atvikum er háttáð í máli þessu, megi leggja til grundvallar framangreinda skilgreiningu á mörkuðum málsins.

Að mati samrunaaðila leiðir samruni þessi til óverulegra breytinga á skilgreindum mörkuðum málsins. Þannig leiði samruninn til mjög lítilla breytinga á markaði fyrir veiðar á fiski við Ísland og séu fjölmörg útgerðarfyrirtæki sem hafi þar meiri hlutdeild en samrunaaðilar. Hið sama eigi við um markað fyrir sölu og útflutning á fiski, þar sem sameiginleg hlutdeild samrunaaðila verði langt fyrir neðan þau viðmið sem almennt er miðað við í samkeppnisrétti og stærstu innlendir aðilar á þeim markaði séu eftir sem áður stærstu útgerðarfyrirtæki landsins, eins og Samherji og HB Grandi, og útflutningsfyrirtæki fyrir sjávarafurðir, eins og Iceland Seafood International. Ljóst sé því að markaðsráðandi staða verði ekki til við þennan samruna né að slík staða styrkist.

III.

Niðurstaða

Við mat á samkeppnislegum áhrifum af samruna ber að líta til þess hvort samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist eða samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti sbr. 17. gr. c samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og að það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.



Samkeppniseftirlitið er í meginatriðum sammála samrunaaðilum um skilgreiningu á vöru- og þjónustumarkaði málsins og landfræðilegri skilgreiningu markaða. Um er að ræða veiðar og vinnslu á botnfiski á Íslandi og sölu afurða innanlands eða til útflutnings.

Í tengslum við rannsókn málsins aflaði Samkeppniseftirlitið m.a. upplýsinga um aflahlutdeild eftir þorskígildum fyrir fiskveiðiárið 2016/2017 en þær upplýsingar eru aðgengilegar á heimasíðu Fiskistofu. Fiskistofa úthlutar aflamarki (í tonnum) til veiða á kvótabundnum tegundum til eins fiskveiðiárs í senn á grundvelli aflahlutdeildar hlutaðeigandi skips og ákvörðunar ráðherra um leyfilegan heildarafla í einstökum tegundum á fiskveiðiárinu (1. september – 31. ágúst). Með aflahlutdeild er átt við það hlutfall af leyfilegum heildarafla í kvótabundinni tegund sem fiskiskip má veiða af leyfilegum heildarafla í tegundinni. Aflamark flestra tegunda miðast við fiskveiðiárið en það er tímabilið frá 1. september til 31. ágúst ár hvert. Flestir nytjastofnar á Íslandsmiðum eru kvótabundnir eða um 98% af heildaraflaverðmæti.¹ Fyrir fiskveiðiárið 2016/2017 úthlutaði Fiskistofa samtals 369.925 tonnum í þorskígildum til íslenskra fiskiskipa.² Í töflu 1 má sjá aflahlutdeild Nesfisks eftir þorskígildum fyrir yfirstandandi veiðiár.

Tafla 1. Aflahlutdeild eftir þorskígildum (ÞÍG) fiskveiðiárið 2016/2017.

Nr.	Eigandi	Samtals ÞÍG kg.	Hlutfall af heild ÞÍG
1	HB Grandi hf.	38,222,229	10.33%
2	Samherji Ísland ehf.	22,314,608	6.03%
3	Þorbjörn hf.	20,368,924	5.51%
4	FISK-Seafood ehf.	18,204,422	4.92%
5	Vinnslustöðin hf.	15,219,257	4.11%
6	Rammi hf.	15,201,178	4.11%
7	Skinney-Pinganes hf.	15,053,558	4.07%
8	Brim hf.	14,968,318	4.05%
9	Vísir hf.	14,936,841	4.04%
10	Hraðfrystihúsið - Gunnvör hf.	12,138,658	3.28%
11	Síldarvinnslan hf.	10,896,466	2.95%
12	Nesfiskur ehf.	9,995,878	2.70%
13	Útgerðarfélag Akureyringa ehf.	8,086,046	2.19%
14	Gjögur hf.	8,048,252	2.18%
15	Ögurvík hf.	6,813,571	1.84%

Heimild: Fiskistofa

Líkt og fram kemur á yfirlitinu fékk Nesfiskur úthlutað 9.995.878 þorskígildiskíló fyrir yfirstandandi fiskveiðiár, eða sem nemur 2,7% af heildarúthlutun ársins. Útgerðarfélag Sandgerðis fékk úthlutað 787.465 þorskígildiskíló í krókaafلامarki sem er um 0,2% af heildarúthlutun ársins. Af framangreindu má sjá að eftir samruna verður heildaraflamagn samrunaaðila eftir sem áður óverulegur hluti af heildarúthlutun aflamarks hér á landi. Því verður ekki séð að samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða eins eða fleiri samrunaaðila verði til á markaði fyrir veiðar á botnfiski við Ísland eða öðrum mörkuðum sem mál þetta nær til.

¹ Sjá upplýsingar á heimasíðu Fiskistofu: <http://www.fiskistofa.is/fiskveidistjorn/stjornfiskveida/>

² Sjá upplýsingar á heimasíðu Fiskistofu: <http://www.fiskistofa.is/umfiskistofu/frettir/nr/1479>



Með hliðsjón af öllu framangreindu telur Samkeppniseftirlitið að fyrirhugaður samruni leiði ekki til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist eða samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur því ekki ástæðu til að aðhafast frekar vegna umrædds samruna á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

IV.

Ákvörðunarorð:

„Kaup Nesfisks ehf. á öllu hlutafé í Ný-fiski hf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga nr. 44/2005. Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til að aðhafast frekar vegna samrunans.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson